inn hafi horfið, heldur að annar hafi verið kominn í hans stað, eða bendir á hina sí-áframhaldandi mannlífs-keðju,—að maður komi í manns stað".

Að vísu gleymist ritstj. með þessari skýringu, að skáldið hefir ekki álitið að orðin hjá sér, "another came" ættu að þýða annar maður eða menn, heldur dagur, því í næsta erindi heldur það áfram að skýra frá útförinni, er það lætur fara fram þriðja daginn:

"The next with dirges due in sad array
Slow through the church-way path we saw him borne";

eða, eins og séra Eyjólfur útleggur það:

"En daginn eftir grafin gröf hans var
í garðinn barna lögðu þeir hans bein".

Þetta veikir því fremur en styður þessa alveg einstöku skýringu ritstj., með því líka, að Einar Benediktsson virðist skilja þetta á sama veg og séra Eyjólfur, og er þýðing Einars á þessa leið:

"Einn dag hann hvarf og hvergi var að sjá
á hæðinni né við sinn beykimeið.
Og annar leið. Við lækinn sem rann hjá
um land og skóg — hann varð á einkis leið.

En daginn eftir útför sá eg stóð
hægt yfir kirkjustíg — og fylgd var með, o. s. frv."— (Hrannir bls. 155).

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að ritstj. finni þar krók á móti bragði, og geti sýnt, að Einari hafi einnig yfirsézt, og með því fyrirbyggi að þessi uppgötvun verði að engu, er ber svo yfirgripsmikla þýðingu fyrir bókmentaheiminn. Samt gegnir furðu, að hann skyldi ekki athuga þetta upphaflega og slá varnaglann móti þannig lagaðri útleggingu á orðum skáldsins, og helzt fyrir þá sök, að hann tekur þetta síðara erindi (29nda) upp og dáist að því, að maklegleikum; enda eru þetta hugstæð orð:

"Far (þú ert læs) og lestu o. s. frv."

Að ritgerðunum báðum og öllu þessu athuguðu, var sízt að furða þó margir yrðu til þess að álíta, að ritstj. væri að ljúka máli sínu, er hann svo gott sem gaf til kynna, að hann væri "að syngja sitt síðasta ljóð" og hans sálarlegu brunnar væri að þorna. En í því hefir mönnum skjátlast. Síðasta "Lögb." (10. apríl), ber þess vitni, að dreggjar hafi verið eftir. Er þar allri ritstjórnarsíðunni varið undir orðmælgi hans, og uppspuna. Að mestu leyti er þessi ritgerð persónuleg árás á oss, ætlum vér því ekki að svara henni nema að litlu leyti.

Grein sína byrjar hann með að lýsa því yfir, að hann sé ekki á herferð á móti Sambandssöfnuði, og frjálslyndum skoðunum hér vestra. Er yfirlýsing þessi ekki alveg samhljóða því, sem á undan er gengið, og ummælum opinberum og heimuglegum, er hann hefir haft við menn, en þó má sjálfsagt líta svo á, að þetta sé nú í alvöru sagt, og hann hafi gefist upp á þessum leiðangri. Þá getur og verið, að hann hafi óttast, að helzt til mikið væri hann búinn að segja í garð þeirra mála, og því betra að fara að hægja á sér. Öll ummæli hans opinber í undangengnum blöðum hafa verið borin ofan í hann aftur, af nefnd safnaðarins, er þrakið hefir ósanninda þvætting hans, þó eigi hafi hún eytt í það mörgum orðum. Fjölyrðir hann þvínæst um hvað sér hafi gengið til með öllum þessum árásargreinum, sem vilji hann biðja almenning að virða sér til vorkunar og taka hjá sér viljan fyrir verkið, — en það sé óvildarhugurinn að heiman. Segir hann, að það sé "á vitorði nálega allra Vest.-Ísl.", að sá óvildarhugur sé megn, "og ekki til nokkurs fyrir oss eða nokkurn annan mann, að ætla sér að sanna hið gagnstæða". Um þá staðhæfingu þýðir ekkert að segja við ritstj. framar, því margsinnis er búið að reka þenna sakaráburð ofan í hann, en hann vill ekki öðru halda fram, en ósannindum. Þó rétt til reynslu mætti benda honum á ferðasögubrot í "Sameiningunni" 15. árg. 1900, — því það rit mun hann sízt véfengja, — er lýsir ritstj. ósannindamann að öllum þessum þvættingi, hvað snertir þjóðina heima. Ferðasaga þessi er rituð af séra Jónasi A. Sigurðssyni, og lýsir hann þeim hlýhug er hann fann manna meðal, til allra frænda og vina vestan hafsins. Hið sama hafa allir haft að segja, er heim hafa farið. En hvað þarf vitna við, er ritstj. talar, er einn veit alt og skilur.

Vér báðum ritstj. að sanna umsögn sína um sambandstjórnarstyrkinn til "Hkr." 1887, með því að birta kaflann úr skýrslu Akuryrkjumáladeildarinnar, er hann vitnaði í. Kemur það nú upp úr kafinu, að úr þeirri skýrslu hafi hann ekki þenna fróðleik, heldur **úr "Lögbergi", 1888, og finst sama hvort er.** Það er ekki nýtt þó honum finnist, að hann mæli fyrir munn stjórnarinnar og landsins alls, er hann gerir einhverjar staðhæfingar, en þetta er þó það lengst gengið er vér höfum vitað hann fara.

Eigi vill ritstj. kannast við, að Únítarar eigi hugmyndina að Gamalmenna heimilinu, en játar þó að þeir hafi komið með hana inn á Kirkjuþing 1911. Segir hann, að byrjað hafi verið á samskotum til styrktar gamalmennum af kvenfélagi Fyrsta lút. safnaðar árið 1906. Það mun rétt vera, en breytir þó hvergi því, sem vér sögðum. Ef hann vill athuga þær skýringar er gerðar voru um tilgang þeirrar söfnunar, finnur hann að eigi vakti sú hugmynd fyrir félagskonum, að koma upp almennu hæli fyrir íslenzk gamalmenni heldur "að mynda sjóð til styrktar öreiga gamalmennum innan Fyrsta lút. safnaðara", og er það sitt hvað. Annars má vitna til þess sem ritað var um hælismálið 1912—14, og sannar það bezt, að hugmyndin var þá ný til komin, en ekki 6 ára gömul.

Út af ummælum ritstjóra 26. marz, er hann var að bera saman starf Kirkjufél. lút. og hina frjálslyndu söfnuði, og gat þess, að "Kirkjufélagsmenn **hefðu reist kirkjur og borgað fyrir af sínu eigin fé,** í öllum helztu bygðum Ísl., gátum vér þess að fleiri myndi hafa lagt fé til þessara kirkna en þeir sem í félaginu stóðu, en tekið það eitt að launum, að þegar þeir hefðu þurft á þeim að halda, hefði þeim verið synjað um öll afnot þeirra. Tilfærðum vér nokkur dæmi, og báðum ritstj. auk þess að skýra frá hvað miklu fé að söfnuður hans hefði varið til byggingar þeirrar kirkju, er hann nú notaði. Einhverra hluta vegna kynokaði ritstj. við að verða við þeim tilmælum, en lýsir aftur ummæli vor um kirkjusynjunina ósannindi. Spinnur ritstj. um kirkjusynjanina á Mountain langa sögu og þykist hafa leitað sér fullra upplýsinga. Væri fróðlegt að fá að heyra hvaðan hann hefði fengið þær. En hann getur þess þó jafnframt, að samþyktir séu til um það í söfnuðum Kirkjufélagsins, að leyfa ekki **vantrúarprédikurum og Únítörum að tala í kirkjunum.** Um þessar samþyktir hefir eigi áður heyrst getið á prenti, og er því fróðlegt að heyra frá þessu sagt. Nú vill svo vel til, að til eru vottorð frá 1913, frá hlutaðeigendum, er skýra frá öllum atvikum viðvíkjandi kirkjusynjaninni á Mountain, er sýna að umsögn ritstj. er bláber ósannindi frá rótum, og hans eigin tilbúningur, og ekki annað. Er hann þar uppvís að einhverju hinu lúalegasta falsi og lítilsmannlegasta er nokkur blaðamaður hefir leyft sér að gera. Birtum vér vottorð þessi, á eftir þessari ritgerð, svo fólk geti athugað þau fyrir sig sjálft, og dæmt um hverjum sé fremur að trúa, þessum "æru og sóma"-verði Ísl. að "Lögb.", eða hlutaðeigandi föður og einka vin.

Um Hermannaritið heldur ritstj. áfram að vaða, finnur að þvotturinn sækist seint og bletturinn sá furðu fastur, er á hann og félag hans settist með prentunar tilboði hans. Er hann nú að reyna að þvo þenna blett af sér með því, að í $12,387.00 dollara tilboðinu hafi falist burðargjald, útsendingarkostnaður og fleira — það sem **bókin að lokum kostaði.** Það er ofur sennilegt, að Columbia Press félagið hafi ætlað sér að borga það. Með þessu eina móti fær hann dregið svo úr mismuni milli tilboðanna, að hann verður skaplegur. Vér skoruðum síðast á hann að fá skýlausa yfirlýsingu frá Jóns Sigurðssonar félaginu um það, hvað Viking Press tilboðið hafi verið og hvað borgað hafi verið fyrir prentun bókarinnar, og birta svo þann reikning. Þetta hefir hann ekki gert, eða þorað að gera, vitandi vel ef hann hefði gert það, þá hefði alþjóð manna séð fals hans og fláttskap, og hann orðið uppvís að þeim ósannindum.

Þá ræðir hann enn um pappírinn er lagður var til bókarinnar. Segir hann, að það sé aðeins 80 punda pappír, og hafi Viking Press þar með brotið samning sinn við útgefendur og stolið af þeim sem svarar einum fimta pappírsverðsins, því það hafi átt að leggja til hundrað punda pappír. Færir hann þessu til sönnunar, að ef af pappírsbreiddinni hefði verið skorin 7 þumlunga breið lengja og 6 þumlunga breið lengja af pappírslengdinni, þá hefði það sem eftir var eigi vegið nema 80 pund! Sennileg rök og sanngjörn. Bréfin, sem hann birtir frá John Martin Paper Co., og sanna eiga þenna framburð ritstj., sanna eigi annað en það, að pappírs "ream" 25x38 þumlunga að stærð, vegur minna en pappírs "ream", sem er 32x44 þumlunga að stærð, af sama pappír. Allur vaðallinn um "einingarvigt" er blekkingartilraun, og eigi annað. Ritstj. veit mikið vel, að pappír er mældur eftir stærðum, og í hverri stærð má fá mismunandi þyngdir. Nú tekur samningur Jóns Sigurðssonar félagsins fram pappírsstærðina 32x44 þumlunga hundrað punda, og Viking Press kaupir þessa stærð til bókarinnar en í stað hundrað punda, leggur til hundrað og tuttugu punda pappír. Sem eftirfylgjandi vinisburður ber með sér, er vér báðum John Martin pappírssölufélagið um.

John Martin Paper Co. Ltd.
Wholesale Paper Dealers
Calgary, Winnipeg, Edmonton.
Head Office in Winnipeg.

April 12. 1924.

Viking Press Limited,
City.

Dear Sirs,
This is to confirm fact that on August 31st, 1922, you purchased from us 39 reams 460 sheets of White Suede Coated Book 32x44-120 pds per ream for the printing of the memorial of the Icelandic soldiers.

Yours very truly,
John Martin Paper Co. Limited.
Sec.-Treas.

Við bréf þetta ætti ekki að þurfa neinu að bæta, það segir alt sem nauðsynlegt er um þetta pappírsmál, og tekur það ennfremur fram að til bókarinnar voru keypt sem næst 40 "ream" **eða 39 "ream" 460 arkir,** eins og vér skýrðum frá síðast, en ekki 41 "ream" eins og ritstj. segir að vér höfum sagt, eða 33 "ream" eins og hann segir að keypt hafi verið. Nú þótt bréfið lýsi ritstj. heimildarlausan að öllu þessu og taki af öll tvímæli um þessa þrætu, er eigi óhugsandi, að hann með allri sinni miklu bókmenta þekkingu fái lesið eitthvað það út úr því, er hann telji sér hrós og sæmdarauka, fram yfir það, að vera auglýstur opinber ósannindamaður frammi fyrir öllum lýð.

Rögnv. Pétursson.

—xx—

Yfirlýsingar um synjun kirkjunnar á Mountain 1910.

Samkvæmt margítrekaðri beiðni stjórnarnefndar Mountain safnaðar, leyfum vér undirritaðir oss, að gera eftirfylgjandi yfirlýsingar:

Eg undirritaður, votta hér með, að þriðjudaginn þann 17. jan 1910, samkvæmt beiðni hr. Thorláks Thorfinnssonar í Munich, N. Dak., er orðið hafði fyrir þeirri þungbæru sorg, að missa son sinn Lawrence Thorfinnsson, er andaðist að heimili foreldranna þá daginn áður, símaði eg frá heimili mínu í Munich N. Dak., til hr. Elis Thorvaldssonar á Mountain, N. Dak., sem eins helzta forstöðumanns Víkur safnaðar og umráðamanns kirkju safnaðarins, og bað hann í nafni Thorláks Thorfinnssonar, að ljá Víkur kirkju, fyrir væntanlega útför Lawrence heitins, er fara ætti fram, fimtudaginn næstan eftir, og ennfremur, að jarðsetning væri heimiluð í grafreiti safnaðarins. Taldi hr. Elis Thorvaldsson þá, í viðtali sínu við mig yfir símann, engin tvímæli á því, að þetta hvortveggja væri heimilt, og sagði hann afdráttarlaust, að leyfi skyldi vera til reiðu er til þyrfti að taka, og bauð okkur velkomin og hét sinni aðstoð í öllu.

Í þeirri fullvissu um, að við loforð þetta yrði staðið, lögðu þau Mr. og Mrs. Thorfinnsson af stað, daginn eftir, áleiðis til Mountain, með lík sonar síns og fylgdist eg með þeim. Komum við til Mountain síðla dags þann 19. jan., var þá líkið tekið og borið í kirkju, og okkur fengnir lyklar að kirkjunni. Heyrðist þá engin andmæli gegn því, að kirkjan væri heimil fyrir jarðarfarar athöfnina, er fara átti fram daginn eftir.

Það var ekki fyr en um morgunin, útfarar dagsins, að okkur Mr. Thorfinnsson var tilkynt, að kirkjuna fengjum við ekki, og var það þá hr. Elis Thorvaldsson, er birti okkur þá tilkynningu. Kom mér það nokkuð kynlega fyrir, þar sem margítrekað leyfi var áður fengið. Fyrir tilmæli vinar míns Mr. Thorfinnssonar, hafði eg tekið að mér að sjá um útförina, lét eg mig því þessa óvæntu synjun nokkru varða og krafðist því að fá ástæður fyrir því, að orðum væri þannig brugðið við okkur. Taldi þá hr. Elis Thorvaldsson það aðal ástæðuna, að prestur sá, er við greftanina ætti að aðstoða væri ekki tilheyrandi lúterskum söfnuði; kvað hann að orð sín skyldu standa og kirkjan vera heimil, ef prestur Víkur safnaðar væri fenginn í hins stað. Sagðist Mr. Thorvaldsson vera frjálslyndastur allra er í safnaðarnefndinni væri, og mundi því árangurslaust, að fara þess á leit, við hina nefndarmennina, að ljá kirkjuna eins og nú væri komið. Með þessu var okkur vísað frá kirkjunni, án þess að til fleiri nefndarmanna væri leitað, og lét eg þá Mr. Thorfinnsson vita hvað gerst hafði, og að annara húsa yrðum við að leita fyrir jarðarförina.

Langdon, N. Dakota, 1. júní, 1913.

Guðm. Grímsson.

Eg undirritaður votta hér með, að framanritaður vitnisburður Guðm. lögmanns Grímssonar er sannur, að því eg frekast veit. Þangað til eg eftir að eg kom til Mountain, ofan nefndan dag, þann 19. janúar 1910, var mér ekki kunnugt um, að nokkrir meinbugir væri á því að kirkja Víkur safnaðar væri okkur heimil fyrir ofangreinda jarðarför: það var ekki fyr en á jarðarfarardaginn, að Mr. Grímsson sagði mér hvað honum og hr. Elis Thorvaldssyni hefði farið á milli, þá lítilli stundu áður, að eg var þess vís, að okkur var bönnuð kirkjan, og fyrir þá skuld, að eg hafði fengið unitariskan prest, til þess að tala yfir líkinu. Fórum við Mr. Grímsson þá á fund Mr. Thorvaldssonar. Sagði Mr. Thorvaldsson mér þá, að þegar upphaflega var beðið um kirkjuna, þá hefði hann talið víst að eg hefði ætlað að fá þjónustu safnaðarprestsins, og hefði hann því lofað kirkjunni afdráttarlaust. En nú með því, að unitariskur prestur ætti að jarðsyngja, þá í nafni safnaðarins, gæti hann ekki leyft það, að kirkja safnaðarins væri notuð. Kvaðst hann, heiman úr húsi sínu hafa ráðfært sig um þetta við safnaðarprestinn og símað honum til Akra, og sagt honum alla málavexti, og það með, að únitariskur prestur hefði verið fenginn til þess að jarðsyngja. Hefði þá prestur sagt: "For God's sake don't let him into the Church". Væri sér því einn kostur, að fyrirbjóða kirkjuna. Þó sagðist hann skyldi ljá kirkjuna ef eg fengi safnaðarprestinn. Skyldi hann þá og ennfremur leyfa, að prestur sá, er aðfenginn væri, talaði úti yfir gröfinni, en ekki kvaðst hann leyfa kirkjuna með því, að báðir prestarnir væru látnir tala inn í kirkjunni. Gengi eg að sínu tilboði skyldi ekki eingöngu kirkjan vera mér heimil, heldur og líka mér að öllu kostnaðarlaus kirkjan og prestsþjónustan, því sjálfur skyldi hann borga presti þeirra ómakið.

Eftir nokkrar fleiri umræður, sagði Mr. Thorvaldsson mér, að eg gæti farið til hinna safnaðar-nefndarmanna, en þó gæti hann bætt því við, að sjálfur gæfi hann það ekki eftir, hvað sem þeir gerðu, að kirkjan yrði léð með öðrum skilmálum en hann hafði nú þegar sett. Áleit eg, að hann hefði svo mikil ráð á kirkjunni, að slíkt hefði heldur ekki að þýða, og ekki vera til annars en að vekja óánægju og misklíð innan safnaðarins færi eg að bera mig upp við hina aðra nefndarmennina um þetta mál. Þó skal þess getið, að eg átti tal um þetta við hr. H. H. Reykjalín. Var hann einn safnaðarnefndarmanna, og lét hann stórfelda óánægju í ljósi yfir þessari aðferð, og bauð mér að hafa tal af samnefndarmönnum sínum öðrum. Tók eg ekki því boði, bæði vegna þess, að eg áleit það leiddi eingöngu til ófriðar innan safnaðarins, og svo vegna hins, að mér fanst okkur hjónum vera svo stórkostlega misboðið með allri þessari tiltekju, að eftir alt hið ofantalda afstaðið, hefði eg ekki getað þegið kirkjuna.

Þess skal getið, að við hjónin, bæði, er alist höfðum upp í bygðinni í grend við Mountain, og búið þar um lengri tíma, áður en við fluttum vestur til Munich, töldum okkur ekki vísar slíkar viðtökur, og við urðum að mæta, er við nú, undir ofantöldum kringumstæðum leituðum á fornar stöðvar, til þess, að fá að leggja son okkar til hvíldar, við hlið framliðinna skyldmenna og vina. En svo voru ekki heldur þær viðtökur almennar, því undantekningarlaust sýndi safnaðarfólkið og okkar fornu vinir, okkur djúpa og innilega hluttekningu, er við hjónin munum ávalt þakka og minnast, þrátt fyrir kirkjubannið, eins eða tveggja manna er töldu sig þar eiga hlutum að deila.

Dagsett að Munich, N. Dakota.
2. júní, 1913.

Thorlákur Thorfinnsson.

Eins og framskráð yfirlýsing frá mér ber með sér, hafði eg eða við hjónin, aldrei ætlað okkur að gera þetta mál að þrætuefni, þar sem var um að kenna aðeins sárfáum mönnum að neitun kirkjunnar átti sér stað. En þar sem um annaðtveggja er að gera, bera sannleikanum vitni eða þegja, þá hefi eg í bæði þau skiftin, sem um það hefir verið að ræða, kosið það fyrnefnda, og mun gera það, eins lengi og haldið er áfram að særa tilfinningar okkar með ósvífnislegum ósannindum í þessu máli.

Thorl. Thorfinnsson.

NÚ ER VERÐIÐ

lægra en nokkurntíma áður

Og við höfum meira úrval af fötum og yfirhöfnum fyrir unga menn.
Alt, sem er nýjast og bezt; á verði, sem þér eruð ánægðir að borga.

Föt og yfirhafnir.
$18.50 til $35.00 og upp

Fötin eru saumuð af beztu klæðskerum í Kanada.
Auknar inntektir, lág leiga og lítil útgjöld, gera okkur mögulegt að selja á lægra verði en nokkru sinn áður.

GANGIÐ FRÁ HÁU LEIGUNNI
ÞAÐ BORGAR SIG

Scanlan & McComb.

GÓÐ FÖT — GOTT VERÐ LIPUR AFGREIÐSLA ÁNÆGJA.
379½ PORTAGE AVENUE.
Norðanmegin á milli Carlton og Edmonton.

Frá Gimli.

Íslendingadagsfundur var haldinn hér nýskeð, í bæjarráðshúsinu, til að ræða um Íslendingadagshald á Gimli næstkomandi 2. ágúst. Einróma samkomulag var um að gera daginn sem skemtilegastann og þjóðlegastan, að hægt væri. Í nefnd voru kosnir níu menn, til að starfa að þessu. Í nefndinni eru þessir menn:

G. B. Magnússon,
P. S. Tergesen,
W. Árnason,
Pétur Magnússon,
B. Thordarson,
Helgi Bensson,
B. Jósepsson,
J. J. Sólmundsson.

Úr bœnum.

WONDERLAND.

Það er altaf gaman að Tom Mix og Tony. En á miðvikudag og fimtudag, er óvanalega gaman að sjá þá leika "Soft Boiled" að Wonderland. Það er bezta myndin, sem Tom Mix hefir nokkurntíma leikið í. Á föstudag og laugar er leikritið sérstaklega "franskt". Það er síðasta uppfynding Mae Murrey "The French Doll" og skýrir frá ástasögn og æfintýrum fallegrar franskrar stúlku. Á mánudaginn og þriðjudaginn leikur Gladys Walton í leikriti er fjallar um mannfélagsmál "Crossed Wires". Þar næst kemur Wesley Barry, sem "The Printers Devil", og "Rupert of Hentzau

For Asthma During Winter

Undursamleg lækningaaðferð, sem komið hefir til bjargar Asthma-sjúklingum og stöðvar verstu köst. — Sendu í dag eftir ókeypis lækningu.

Ef þú þjáist af afskaplegum Asthma-köstum, þegar kalt er og rakt; ef þú færð andköf eins og hver andardráttur ætlaði að verða þinn síðasti; láttu þá ekki hjá líða, að senda strax til Frontier Asthma Co. og fá að reyna ókeypis undralækningu þeirra. Það skiftir engu máli hvar þú býr, eða hvert þú hefir nokkra trú á nokkru meðali hér á jörðu; gerðu þessa ókeypis tilraun. Hafirðu þjáðst alla æfi, og leitað ráða alstaðar þar, sem þú hélst að duga myndi á móti hinum hræðilegu Asthma-köstum; ef þú ert orðinn kjarklaus og vonlaus, þá sendu eftir þessu meðali.

Það er eini vegurinn fyrir þig, til að fá vitneskju um, hvað framfarirnar eru að gera fyrir þig, þrátt fyrir öll vonbrigði þín í leit þinni eftir bjargráðum gegn Asthma. Gerðu þessvegna þessa ókeypis tilraun. Gerðu hana nú. Vér auglýsum þetta, svo að hver sjúklingur geti notið þessarar framfara-aðferðar, og byrjað ókeypis á þessari lækningaaðferð, sem þúsundir manna nú viðurkenna að vera mestu blessunina, sem mætt hefir þeim á lífsleiðinni. Sendu miðann í dag. Frestaðu því ekki.

FREE TRIAL COUPON
FRONTIER ASTHMA CO., Room 607 B
Niagara and Hudson Sts.,
Buffalo, N. Y.
Sendið ókeypis lækningaraðferð yðar til:
....
....
....